




Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 9. árgangur, 10. nóvember 2017

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Minum á endurskinsmerkin í skammdeginu!



Umferð um bílastæði

Sem fyrr minnum við á sleppistæðin sem eru við Kjarnagötu og Lækjartún og hvetjum til þess að þau séu nýtt ef börnum er ekið í skólann. Eitthvað hefur borið á að bílum sé lagt á hringtorgið við aðalinngang skólans en það er auðvitað hið versta mál því þeir sem af einhverjum ástæðum þurfa að aka börnum sínum alveg heim að dyrum þurfa að geta snúið við þar án þess að þurfa að bakka. Við mælumst því eindregið til að bílum sé lagt í stæði en ekki á hringtorgið!

Þagnarskylda og myndatökur

Við viljum minna á að foreldrar og aðrir gestir skólans eru vinsamlegast beðnir um að gæta þagnarmælsku og trúmennsku við skólann og einstaklinga innan stofnunarinnar, og ræða ekki annars staðar það sem þeir sjá og heyra varðandi persónuleg málefni annarra.

Þá viljum við ítreka að hvers kyns myndatökur, myndbandsupptökur og hljóðupptökur innan skólans eru háðar leyfi starfsmanns á staðnum hverju sinni. Undantekning á þessari reglu gildir eingöngu þegar um sýningar af einhverju tagi er að ræða.



Kæra skólasamfélag

Þá er nóvembermánuður runninn upp og skammdagismyrkið skolið á. Við viljum minna foreldra á mikilvægi þess að börn séu með endurskinsmerki svo þau sjáist vel á leið í skólann. Eins og vanalega er líf og fjör í skólanum og fjölmargt á dagskránni í nóvember. 8. nóvember var dagur gegn einelti og unnið með málefnið á fjölbreyttan hátt í námshópunum. 16. nóvember höldum við upp á dag íslenskrar tungu og þá hefst formlegur undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og Litlu upplestrarkeppnina í 4. bekk. Í vikunni 20.-24. nóvember fara svo nemendur í 1.-7. bekk á risasöngsal í Hofi þar sem Friðrik Dór mun mæta og syngja með nemendum og fyrir þá, en heimsóknin er hluti af samstarfsverkefni grunnskóla Akureyrar og Tónlistarskólans. Þá fer 7. bekkur í skólaferðalag á Reyki vikuna 27. nóvember—1. desember. Sömu viku, 27. nóv.-1. des. bjóða stjórnendur svo foreldrum til morgunspjalls, þar sem þeim gefst tækifæri á að koma í skólann og ræða við stjórnendur um skólamálið eða önnur málefni sem tengjast Naustaskóla yfir rjúkandi kaffibolla.

Í október vorum við með óundirbúna brunæfingu í skólanum, en þá var skólinn rýmdur samkvæmt viðbragðsáætlun og nemendur söfnuðust fyrir úti á sparkvellingnum. Æfingin gekk vel, en þó voru vissir hlutir sem skerpa þarf betur á og munum við gera það. Þessar æfingar er einmitt mikilvægar til þess að við getum verið sem best undirbúin ef eldsvoða ber að höndum.


Að lokum er gaman að segja frá því að hver námshópur hefur nú fengið að kjósa um máltíð í mótuneytinu og mun þessum valmáltíðum verða dreift yfir skólaárið. Unglingadeildin riður á vaðið, en þau völdu tortilla með hakki og verður það á boðstólum þann 16. nóvember næstkomandi.

Með góðum kveðjum og þakklæti fyrir gott samstarf það sem af er haustinu.

Bryndís skólastjóri.

Nýr íþróttakennari

1. nóvember síðastliðinn hóf nýr íþróttakennari störf við Naustaskóla, en það er hún Ásdís Sigurðardóttir. Hún tekur við af Þorsteini Marinóssyni, sem hvarf til annarra starfa þann 1. október sl. Ásdís hefur um árabil kennt íþróttir og þá er hún einnig sundþjálfari. Við bjóðum Ásdís hjartanlega velkomna í Naustaskóla!



ÚTIVISTAR-REGLURNAR*
*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn
mega lengst vera úti til kl. 22

Morgunkaffi með stjórnendum

Í síðustu viku nóvembermánaðar bjóðum við upp á svokallað “morgunkaffi með stjórnendum”. Það þýðir að kl. 8:10-09:00 á ákveðnum dögum verður heitt á könnunni á kaffistofu skólans og þar verða stjórnendur til viðtals fyrir foreldra nemenda í ákveðnum námshópum. Þarna er um að ræða frekar óformlegt spjall um skólastarfið en um leið er þetta vettvangur til að fá fram sjónarmið foreldra um það sem vel gengur og það sem betur má fara. Þetta ætti því að vera gott tækifæri fyrir foreldra til að fá upplýsingar, skiptast á skoðunum og velta fyrir sér starfinu í skólanum okkar. Dagsetningar má á baksíðu fréttabréfsins (matseðlinum) en við minnum einnig á þessar upptökur þegar nær dregur. Við vonumst eftir að sjá sem flesta í notalegu morgunkaffi.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Nóvember 2017

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
			1	2	3	4
5	6 Fiskbúðingur, kartöflur, gúrka og karrýsósá Ávextir	7 Kjúklingasúpa með snakki og tilheyrandi Ávextir	8 Grænmetis- og baunagrátín, hrísgrjón og salatbar Ávextir <i>Dagur gegn einelti</i>	9 Soðinn fiskur m kartöflur, gulrætur og lauksmjör Ávextir	10 Nautagúllas, sæt- kartöflustappa og hrá- salat Ávextir	11
12	13 Plokkfiskur, rúgbrauð og salat Ávextir <i>Smiðjuskil 6.-7. b.</i>	14 Kjótballur í súrsætri sósu, hrísgrjón og gúrka Ávextir	15 Fiskur í raspi, kartöflur, salatbar og hunangs- dressing Ávextir	16 Valdagur unglíngadeild Tortilla með hakki og grænmeti Ávextir <i>Dagur íslenskrar tungu</i>	17 Grjónagrautur, slátur og salatbar Ávextir <i>Starfsdagur Frístund lokuð</i>	18
19	20 Steiktur grísahnakki, kartöflur, steikt grænmeti, maísbaunir og piparostasósá Ávextir <i>Alþjóðadagur barna</i>	21 Fiskibollur, hrísgrjón, gúrka, heit tómatsósá og salatbar Ávextir <i>Söngvaflóð í Hofi—1. og 2. bekkur</i>	22 Hakk og spaghetti Ávextir <i>Söngvaflóð í Hofi—3. og 4. bekkur</i>	23 Ofnbakaður fiskur í sveppaostasósú, hrísgrjón og gulrætur Ávextir <i>Söngvaflóð í Hofi—5.-7. bekkur</i>	24 Áspassúpa, brauð og salatbar Ávextir	25
26	27 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og tómatsósá Ávextir <i>Morgunkaffi m. stjórnendum—1.b. Reykjaferð 7. bekkjar</i>	28 Hakkabuff, kartöflur, gúrka, rauðkál og piparsósá Ávextir <i>Morgunkaffi m. stjórn- endum—2.-3.b. Reykjaferð 7. bekkjar</i>	29 Ofnbakaður fiskur, bygg, paprika, salsasósá og salatbar Ávextir <i>Morgunkaffi m. stjórnendum—4.-5.b. Reykjaferð 7. bekkjar</i>	30 Steikur kjúklingur, kartöflubátar, salat og kokteilsósá <i>Morgunkaffi m. stjórn- endum—6.-7.b. Skreytingadagur Reykjaferð 7. bekkjar</i>	1. des <i>Morgunkaffi m. stjórnendum—8.-10.b. Fullveldisdagurinn Reykjaferð 7. bekkjar</i>	2. des

Muna:

- **Starfsdagur 17. nóvember— Frístund lokuð.**
- **Morgunkaffi með stjórnendum vikuna 27. nóv. - 1. des.**